

109 — Brjef landshöfðingja til forstöðunefndar sjúkráhússins í Reykjavík um nefnt
22. sept. sjúkráhus. — Eptir að jeg í brjefi til ráðgjafans fyrir Ísland frá 28. desbr. f. á. hafði mælt með bænarskrá hinnar heiðruðu forstöðunefndar frá 22. nóvbr. s. á., lútandi að fyrirkomulagi á sjúkráhusinu, þannig að hið opinbera tæki að sjer alla umsjón sjúkráhusstofnunarinnar, gegn því að allar eigur hennar væru afhentar landsstjórninni til frjálstra umráða, hefir ráðgjafinn í brjefi frá 30. maí þ. á., þar sem hann jafnframt sendi mjer fjárlagafrumvarp fyrir árin 1882 og 1883, sem leggja skyldi fyrir alþingi, meðal annars skrifað mjer á þessa leið:

«Í brjefi frá 28. desember f. á. hafði þjer, herra landshöfðingi, út af bænarskrá frá forstöðunefnd sjúkráhússins í Reykjavík, lagt það til, að í fjárlögum fyrir 1882 og 1883 yrði sókt um fjárveitingu til þess, að landssjóðurinn taki að sjer sjúkráhusshaldið, og til þess að fyrir upphæð þá, er næmi allt að því 40,000 kr., væri byggt nýtt sjúkráhus samastaðar á kostnað landssjóðsins, gegn því, að eigur hins núverandi sjúkráhus væru afhentar landssjóði, undir eins og farið væri að nota hið nýja sjúkráhus. Út af þessu vill ráðgjafinn taka það fram, að það að hans áliti liggur Reykjavíkurkaupstað næst, að annast um haganlegt fyrirkomulag á málefnum sjúkráhússins og því má það álitast rjettast, að kaupstaður þessi, ef til vill í sameiningu við hjeruð þau, er næst liggja og einkum nota sjúkráhusið, taki spurninguna um að koma upp nýju sjúkráhusi og um breytingu á sjúkráhusshaldinu til meðferðar, ef til vill með nokkrum styrk úr landssjóði, sem væri í rjettu hlutfalli við þá þýðingu, sem sjúkráhusið hefir fyrir allt landið. Þegar nú hjer við bætist, að málefnið er ekki enn komið svo langt á leið að, ályktun verði tekin um það, að landssjóður eigi að taka að sjer sjúkráhusshaldið og kosta nýtt hús handa því, þar sem bæði vantar áætlun um gjöld þau, sem eru samfara sjúkráhusshaldinu, og sundurliðaðan uppdrátt og áætlun yfir hús það, er byggja skal, og þar eð landssjóðurinn þar að auki, eptir því sem sjá má á fjárlagafrumvarpinu, ekki myndi vera fær um, að minnsta kosti ekki af tekjum fjárhagstímabilsins, að greiða svo mikla fjárupphæð, sem hið hjer greinda fyrirtæki myndi útheimta, hefi jeg álitíð að ekki bæri að taka hjer um reddar tillögur til greina».

Þetta er hjer með tjáð hinni heiðruðu forstöðunefnd til þóknanlegrar leiðbeiningar.

Fundaskýrslur amtsráðanna.

A.

110

Fundur amtsráðsins í vesturumdæminu 7.—9. júní 1881.

Fundurinn var haldinn að Ólafsdal í Dalasýslu af forseta amtsráðsins, amtmanni Bergi Thorberg, með amtsráðsmanni Torfa jarðyrkjumanni Bjarnasyni og varaamtsráðsmanni Guðmundi prófasti Einarssyni.

Þessi málefni komu til umræðu á fundinum:

1. Forseti lagði fram þessa reikninga:
 - a. Reikning jafnaðarsjóðs vesturamtsins fyrir árið 1880.
 - b. Reikning búnaðarsjóðs vesturamtsins fyrir sama ár.
 - c. Reikning yfir búnaðarskólagjaldið í vesturamtinu fyrir sama ár.
2. a. Samkvæmt fyrirmælum landshöfðingjans tók amtsráðið til yfirskoðunar uppástungur umboðsmanns Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs viðvíkjandi leigu-